

SAG 203

3. hæð

1. Á öldunum eftir siðaskipti og fram til miðbiks 19.aldar ríkti strangur agi og harðar refsingar voru við lýði á Íslandi.

a. Hvaða tvö refsingartól eru til sýnis á safninu?

b. Hvaða ár var síðasta aftakan á Íslandi? _____


c. Hverjir voru líflátnir? _____

2. Skoðið galdrafárshólf:

a. Á hvaða tímabili má segja að á Íslandi hafi ríkt galdrafár?

b. Nefnið þrjá af þeim hlutum sem þið sjáið í galdrahólfinu sem taldir voru tengjast galdraiðkun _____

Kort af 3. hæð



c. Hver var sérstaða íslensks galdrafárs? Nefnið að minnsta kosti tvö atriði _____

3. Það má segja að sokkatréð sé gott tákni fyrir tímabil sem stóð frá um 1602 til 1780.

a. Hvaða tímabil er það? _____

b. Hvað merkir orðið sjálf yfir tímabilið? Nefnið kosti og galla við tímabilið samkvæmt því sem fram kemur á sýningunni

4. Kíkið inn í hólfi tileinkað manntalinu 1703:

a) Hvað segja munir þeir sem þið sjáið í manntalshólfinu um:

i) stéttastöðu á tímabilinu

ii) listsköpun

b) Í manntalshólfinu má sjá trafakefli. Til hvers voru þau notuð?

5. Á upplýsingaöld litu margar nýjar uppfinningar dagsins ljós eins og sjá má á munum tileinkuðum því tímabili.

a. Hvað er rímtal?

b. Hvað þýðir „að ruglast í ríminu“?

6. Skoðið skautbúninginn sem hannaður er af Sigurði Guðmundssyni málara.

a. Hvaða náttúrufyrirbæri eru túlkuð í búningnum?

7. Skoðið vel stofu Jóns Sigurðssonar og berið saman við baðstofuna.

a. Hvað segir þetta okkur um kjör Íslendinga á miðri 19.öld?

b. Hver er munurinn á gripum annars vegar í baðstofunni og hins vegar á skrifstofu Jóns Sigurðssonar?

8. Togvirklippur eru sagðar hafa verið eina “vopn” Íslendinga sem var sérstaklega hannað. Til hvers voru klippurnar notaðar?

9. Hvað var fyrsti opinberi fáni Íslands kallaður og hvernig leit hann út?
